

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 315/2012**

**2014/EES/36/51**

frá 12. apríl 2012

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd  
reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vinnræktarafurða, vinnfræðilegar  
vinnsluáðferðir og takmarkanir þar að lútandi (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tiltekna landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) <sup>(1)</sup>, einkum þriðju og fjórðu málsgrein 121. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um leyfilegar, vinnfræðilegar vinnsluáðferðir í I. viðauka við þá reglugerð. Alþjóðavinstofnunin (OIV) hefur breytt skilyrðum fyrir notkun á tilteknum vinnfræðilegum vinnsluáðferðum sem þegar eru leyfðar í Evrópusambandinu. Til að uppfylla alþjóðlega stæðla á þessu sviði og veita framleiðendum innan Evrópusambandsins sömu möguleika og standa framleiðendum í þriðju löndum til boða skal breyta skilyrðum fyrir notkun þessara vinnfræðilegu vinnsluáðferða í ESB í samræmi við þau notkunarskilyrði sem Alþjóðavinstofnunin skilgreinir.
- 2) Notkun á pólývínylimídasól-/pólývínýlpýrrólíðónsamfjöllidum (PVI/PVP) til að minnka kopar-, járn- og þungmálmainnihald var leyfð með reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því tilskildu að þær væru í samræmi við kröfurnar í Alþjóðlegu, vinnfræðilegu skránni, sem Alþjóðavinstofnunin gefur út, einkum að því er varðar hámarksinnihald einliða. Vegna lagalegs skýrleika og þar eð Alþjóðavinstofnunin hefur enn ekki samþykkt slíkar kröfur skal fella þessa aðferð brott úr I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009.
- 3) Notkun á kítósani og kítínglúkani, sem er unnið úr sveppum, var leyfð með reglugerð (EB) nr. 606/2009. Innan ESB eru þessar afurðir sem stendur eingöngu tilreiddar úr sveppnum *Aspergillus niger*. Þar eð Alþjóðavinstofnunin leyfir þessar afurðir og í Alþjóðlegu, vinnfræðilegu skránni, sem Alþjóðavinstofnunin gefur út, er tilgreint að þær komi úr sveppnum *Aspergillus niger* skulu þessar upplýsingar koma fram í reglugerð (EB) nr. 606/2009.

- 4) Vín sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Douro“ og vernduðu, landfræðilegu merkinguna „Duriense“ og þar á eftir yfirlýsinguna „colheita tardia“ eru undanþegin leyfilegu hámarksinnihaldi brennisteinsdíoxíðs. Portúgal hefur farið fram á að öll portúgölsk vín, sem hafa sömu eiginleika og þessi vín og mega bera verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu og þar á eftir yfirlýsinguna „colheita tardia“, fái sömu undanþágu. Leyfa skal hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs sem nemur 400 milligrömmum á lítra í þessum vínunum.
- 5) Þar eð hefðbundna sérheitið „vino generoso“ á ekki lengur eingöngu við um líkjörvín skal breyta ákvæðinu um notkunina á þessu hugtaki sem um getur í 8. lið B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009.
- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 606/2009 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 195. gr. reglugerðar (EB) nr. 1234/2007.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæðum I. viðauka A er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- b) Ákvæðum I. viðauka B er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- c) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á bókun 47 um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. apríl 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Tölfunni er breytt sem hér segir:
  - a) Í stað tíunda og ellefta undirliðar í fyrsta dálki 10. línu komi eftirfarandi:

„— kítósan sem er fengið úr *Aspergillus niger*,  
— kítínglúkan sem er fengið úr *Aspergillus niger*.“
  - b) Í stað þriðja dálks 31. línu komi eftirfarandi:

„Ekki meira en 1 g/hl, að því tilskildu að koparinnihald afurðarinnar sem þannig er meðhöndluð fari ekki yfir 1 mg/hl, að undanskildum líkjörvínnum sem eru löguð úr fersku, ógerjuðu eða lítilliga gerjuðu þrúgumusti, en í þeim má koparinnihald ekki fara yfir 2 mg/l“.
  - c) 41. lína falli brott.
  - d) Í stað fyrsta dálks 44. línu komi eftirfarandi:

„Meðhöndlun með kítósani sem er fengið úr *Aspergillus niger*“,
  - e) Í stað fyrsta dálks 45. línu komi eftirfarandi:

„Meðhöndlun með kítínglúkani sem er fengið úr *Aspergillus niger*“,
- 2) Í stað 6. viðbætur komi eftirfarandi:

## 6. viðbætur

**Kröfur varðandi dímetýldikarbonsat**

## NOTKUNARSVIÐ

Heimilt er að bæta dímetýldikarbonsati í vín vegna eins eða fleiri eftirtalinna markmiða:

- a) örverufræðileg stöðgun átappaðs vins sem inniheldur sykur sem getur gerjast,
- b) til að koma í veg fyrir þróun óæskilegra gersveppa og mjólkursýrugerla,
- c) til að koma í veg fyrir gerjun í sætu, hálfsetu og hálfþurru víni.

## KRÓFUR

- Að því er varðar a-lið má aðeins bæta efninu í rétt fyrir átöppun.
- Afurðin sem notuð er verður að vera í samræmi við hreinleikaskilyrðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/84/EB.
- Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 185. gr. c í reglugerð EB nr. 1234/2007.“

- 3) 11. viðbætur falli brott.
- 4) Í stað fyrsta undirliðar 1. liðar í kröfuhluta 12. viðbætur komi eftirfarandi:

„— Fyrst af öllu má kæla vínið.“
- 5) Í stað fyrirsagnar 13. viðbætur komi eftirfarandi:

„**Kröfur varðandi meðhöndlun á vínnum með kítósani, sem er fengið úr *Aspergillus niger*, og með kítínglúkani, sem er fengið úr *Aspergillus niger*“.**

---

*II. VIÐAUKI*

Í stað níunda undirliðar e-liðar í 2. lið A-hluta I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009 komi eftirfarandi:

„— vínur frá Portúgal sem mega bera verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu og yfirlýsinguna „colheita tardia“;“

---

*III. VIÐAUKI*

Í stað inngangsmálsliðar fyrsta liðar í 8. lið B-hluta III. viðauka komi eftirfarandi:

„Að því er varðar líkjörvín skal aðeins nota hefðbundna sérheitið „vino generoso“ fyrir þurr líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru framleidd undir gerskán að hluta til eða að öllu leyti og.“

---